



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2006
Tilvísun: UST20060400034/óaj

Lagning Mýrargötu í stökk. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun framangreindrar framkvæmdar.

Tilgangur framkvæmdar

Reykjavíkurborg fyrirhugar endurgerð Mýrargötu í nýrri legu. Lega götunnar færist að hluta til norðurs og verður lögð í stökk á núverandi slippasvæði. Samkvæmt tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar á að færa meginþunga umferðar af yfirborði og niður í stökk til að greiða fyrir þeirri umferð sem ekki á erindi í núverandi og fyrirhugað hverfi, auka umferðaröryggi og greiða fyrir uppbyggingu svæðisins.

Lýsing framkvæmda

Til að anna fyrirhugaðri umferðaraukningu og hugsanlegum umhverfisáhrifum hennar er fyrirhugað að byggja stökk, neðanjarðar frá gatnamótum Ægisgötu að hringtorgi við Ánanaust, alls um 370 m. Auk stokksins mun götunni verða breytt á 40 metra kafla austan við stökkinn og verður lengd endurgerðrar Mýrargötu alls um 410 metrar.

Þar sem fyrirhugað stökkstæði stendur í jaðri svæðis þar sem mengaðan jarðveg er að finna eru líkur á að flytja þurfi um 2500 – 5000 m³ af menguðum jarðvegi úr stökkstæðinu. Ekki er endanlega ljóst hvar efniinu verður komið fyrir. Annað efni sem þarf að fjarlægja úr stökkstæði nemur um 80.000 m³. Einnig er gert ráð fyrir að flytja þurfi um 40.000 m³ af efni að svæðinu til uppbyggingar stokksins og frágangs á honum.

Jarðvegur og jarðvegsskipti

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að samkvæmt nýlegum rannsóknum er jarðvegur á núverandi slippasvæði mengaður og þarf að öllum líkindum að fjarlægja um 2500-5000 m³ af jarðvegi. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að mengunarástand jarðvegsins á slippasvæðinu verði kannað, t.d. með bor, og í kjölfarið sett upp áætlun í samræmi við niðurstöður þeirrar könnunar hvernig eigi að standa að

flutningi og förgun jarðvegsins. Að mati stofnunarinnar er ekki nægjanlegt að skoða einungis fyrirliggjandi gögn annars staðar frá.

Grunnvatn

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að fram komi í frummatsskýrslu núverandi ástand grunnvatnsborðs og streymi grunnvatns á framkvæmdasvæðinu, en það kemur ekki fram í tillögunni. Í frummatsskýrslu er einnig nauðsynlegt að gera grein fyrir fráveitumálum úr stokknum og hvernig haga eigi mengunarvörnum verði mengunarslys í stokknum.

Hljóðvist

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að hljóðvist komi til með að breytast á svæðinu með aukinni umferð og geti náð allt að 70 dB til framtíðar litið við húsvegg. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að meta og sýna hljóðstig á kortum í mismunandi hæð umhverfis Mýrargötu og út frá munnum stokksins. Þá er nauðsynlegt að fram komi jafngildishljóðstig og hámarkshljóðstig, bæði á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur á Mýrargötusvæðinu. Nauðsynlegt er að tilgreina með hvaða aðferðum best er lækka hljóðstig þannig að það standist kröfur reglugerðar um hávaða (nr. 933/1999) og einnig hver sjónræn áhrif slíkra aðferða verði.

Loftgæði og titringur

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að helst gæti orðið vandamál með loftgæði við stokkenda þó svo að almennt megi gera ráð fyrir að loftgæði batni á svæðinu. Gerð verður grein fyrir mögulegum áhrifum og komið fram með lausnir sem halda munu loftgæðum innan viðmiðunarmarka. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að skoðuð verði ítarlega loftmengun og titringur frá umferð um stokkinn og birtar leiðir til að takmarka hvort tveggja en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er titringur sérstaklega tilgreindur sem mengun. Einnig er nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir vöktun þessara mengunarpátta, hvernig standa skuli að þeirri vöktun og hvernig bregðast skuli við ef þeir fara yfir viðmiðunarmörk.

Í framhaldi af ofangreindu þarf að koma fram í frummatsskýrslu nánari útfærsla á gangnamunnum, útliti og staðsetningu með tillit til hávaða og dreifingar loftmengunar. Æskilegt er að bera saman kostina og sýna á kortum.


Heildarskipulag framkvæmda


Í framkvæmdalýsingu er m.a. gerð grein fyrir hvernig umferðarmálum verður háttað á framkvæmdatíma og eru kynntar tvær mögulegar hjáleiðir. Einnig er fjallað um hugsanlega efnisflutninga til og frá framkvæmdasvæðinu. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað verði um heildarskipulag framkvæmda á svæðinu, sérstaklega milli Mýrargötu og sjávar. Nauðsynlegt er að skoða framkvæmdir og framkvæmdasvæðið í heild sinni en ekki í sitt hvoru lagi. Gera þarf grein fyrir hvers konar aðstöðu koma þarf upp t.d. vegna efnisflutninga og hver aðkoma verður að svæðinu. Leggja þarf fram framkvæmdaáætlun í frummatsskýrslu.

Umferð

Samkvæmt viðbótargögnum sem stofnuninni barst varðandi umferðarforsendur um Mýrargötu – Slippasvæði (dags. 15. mars sl.) kemur fram að á götum með 30 km hámarkshraða skuli reikna með 3% þungaumferð, en öðrum götum og stökk 5%. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi ráð fyrir hærra hlutfalli þungaumferðar en þessi almennu 5% sem gert er ráð fyrir. Má sem dæmi nefna að öll fiskstarfsemi flyst í Vesturhöfnina (frá Faxaskála) auk þess sem flutningur frá oliubirgðastöðinni í Örfirisey mun sennilega aukast umtalsvert frá því sem nú er vegna betri samgangna.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður